

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1180/2014, um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila.

1. gr.

Skilgreining á fastri starfsstöð í 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Við skilgreiningu á hugtakinu fastri starfsstöð skal fara eftir ákvæði 3. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, tekur þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. desember 2017.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*